

316. fundur Skólanefndar FS

10. október 2012



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Ólöf Bolladóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Ösp Birgisdóttir, og Ísak Ernir Kristinsson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Kosning formanns.
2. Fjárhagsstaða skólans og útlitið næsta ár.
3. Önnur mál.

1. Kosning formanns.

Formaður skólanefndar kosinn. Lagt til að Kristbjörn Albertsson verði formaður nefndarinnar; samþykkt samhljóða.


2. Fjárhagsstaða skólans og útlitið næsta ár.

Skólameistari kynnti rekstraryfirlit fyrir fyrstu níu mánuði ársins. Áætlað tap á rekstrinum eru 2,2 milljónir fyrir árið 2012 og miðað við óbreyttan rekstur verður 57,1 milljóna halli á rekstrinum árið 2013. Fundur verður með ráðuneytismönnum í næstu viku þar sem fjármál skólans verða rædd.

3. Önnur mál.

- a) Skólameistari dreifði skýrslu um innra mat skólans fyrir skólaárið 2011-2012 og svaraði spurningum fundarmanna um matskerfi skólans.
- b) Formaður NFS sagði frá starfsemi nemendafélagsins. Starfið hefur gengið vel en rekstur félagsins er þungur og verður félagsgjaldið hækkað á vorönninni. Félagið er að gera átak til að minnka áfengisneyslu í kringum skemmtanir á vegum félagsins.
- c) Þátttaka skólans í verkefninu um Heilsuefandi framhaldsskóla hefur gengið vel. Til stendur að setja upp skilti við skólann í samvinnu við Reykjanesbæ með upplýsingum um verkefnið og íþróttaaðstöðu og gönguleiðir í nágrenni skólans.
- d) Formaður foreldrafélags sagði frá starfsemi félagsins.
- e) Rætt um Kvöldskóla FS en ekki var boðið upp á nám í kvöldskóla á þessari önn vegna fjárhagsstöðu skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari